

AUGLÝSING

um ábyrgðartryggingar ökutækja.

1. gr.

Samkvæmt heimild í 3. málsg. 70. gr. umferðarlaga nr. 40 23. apríl 1968, sbr. lög nr. 65 16. maí 1978, er ákveðið, að váttryggingarfjárhæðir ábyrgðartrygginga ökutækja samkvæmt 1. og 2. málsg. 70. gr. umferðarlaga, sbr. lög nr. 31 22. maí 1980, skuli vera kr. 20 000 000,00 fyrir hvert vélknúið ökutæki, sem flytja má fleiri farþega en tíu og kr. 10 000 000,00 fyrir önnur ökutæki.

2. gr.

Samkvæmt heimild í 1. málsg. 73. gr. umferðarlaga, sbr. lög nr. 16 30. apríl 1982, er ákveðið, að eigin áhætta þess, sem fébótaábyrgð ber á tjóni samkvæmt 69. gr. umferðarlaga, skuli vera kr. 3 500,00, ef tjónið nemur þeirri fjárhæð, en ella ber hann ábyrgð á tjóninu að fullu.

3. gr.

Ákvæði auglýsingar þessarar gilda frá 10. mars 1984. Jafnframt falla úr gildi auglýsing nr. 146 21. mars 1983 um váttryggingarfjárhæðir ábyrgðartrygginga ökutækja og auglýsing nr. 174 29. mars 1983 um eigin áhættu ábyrgðartrygginga ökutækja.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 8. mars 1984.

Jón Helgason.

Ólafur W. Stefánsson.